

Sænsk spítalásaga

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

P. C. Jersild: BABELSHÚS. Skáldsaga. Þórarinn Guðnason íslenskaði. Svart á hvítu 1987.

Fremst í Babelshúsi er athugasemd frá höfundinum, P. C. Jersild: „Ókleift er að gefa alhlíða og nákvæma en um leið blæbrigðaríka mynd af stórsjúkrahúsi. Ég notfæri mér viðurkenndan rétt skáldsögunnar til að nálgast vídfangsefnið á huglægan hátt. Af þeim sökum er vert að hafa einnig í huga aðrar lýsingar á sænskri sjúkrahjónustu.“

Jersild freistar þess engu að síður að gefa slíka mynd og þótt honum takist það vitanlega ekki kemur hann furðu víða við í Babelshúsi.

Babelshús kom út í Svíþjóð 1978. Heimildaskáldsögur og skáldsögur byggðar á hvers kyns félagslegum könnunum höfðu þá verið áberandi um sinn, en um þetta leyti var sú stefna að fjara út.

Það er dæmigert fyrir skáldsögur af þessu tagi að þær byrja stundum líkt og ritgerð. Læknirinn P. C. Jersild gæti alveg eins verið að skrifa inngang læknisfræðilegrar ritgerðar í því upphafi Babelshúss sem hann kallar Yfirlit: „Í Svíþjóð deyja á hverju ári nítufu þúsund manns eða þar um bil. Flestum verða að aldurtíla sjúkdómar í

hjarða eða æðum; nánar tiltekið heilablæðing, kransæðastífla eða önnur mein sem stafa af biluðum slagæðum.“

Ekki tekur þetta við þegar hin eiginlega skáldsaga hefst, fyrri hluti hennar sem nefnist Fyrri legan. Ritgerðarformið er höfundinum áfram hugleikið: „Svæðið sem Enskede-sjúkrahúsið þjónaði náði í meginráttum yfir norðvesturhlutann af Suður-Stokkhólmi. Stærð og gerð húsa í þessum hluta borgarinnar var með ýmsu móti — nokkur nýleg háhýsasvæði, einnig allstórt hverfi einbýlishúsa frá því um 1930; byggingar vegna iðnaðar, ennfremur hafnarmannvirki, umferðarmiðstöðvar og sýningasvæði.“

Í Babelshúsi eru veikindi gamals manns, Primusar Svensson, þungamiðjan. Primus fær hjartaáfall og er fluttur á Enskede-sjúkrahúsið. En þótt Primusar sé víða getið í Babelshúsi kynnist lesandinn fleira fólki, sumu allnáði, öðru lítillaga. Skáldsagan er hópsaga, þ.e.a.s. hún lýsir í senn örlögum og dregur upp myndir úr lífi fjölda fólks þar sem erfitt reynist á köflum að greina aðalpersónur frá aukapersónum. Þannig getur sagan komið fyrir sjónir sem brotakernd og jafnvel ómarkviss á stöku stað, en tilgangurinn er sá sem vitnað er til í upphafi, að gefa sem trúverðugasta mynd af stórsjúkrahúsi.

Á sjúkrahúsi vinna margir og

þeir eru ólíkir um margt. Ýmsar ástæður valda því að þeir hafa valið sér sjúkrahúsið sem vinnustað. Margir hafa lært þau störf sem unnin eru á sjúkrahúsi eða eru tengdir heilbrigðisþjónustu með einhverjum hætti. Aðrir eru þar bara vegna þess að þá vantar atvinnu og á sjúkrahúsi er starfsvettvangurinn fjölbreyttur. Sjúkrahúsið er því eins konar spegilmynd samfélagsins og mótast af þeim félagslegu viðhorfum sem ríkja hverju sinni hjá þeim sem fara með völd. Um sjúklíngana gildir að þeir ákveða fæstir dvöl sína á sjúkrahúsi.

P. C. Jersild hefur margt að athuga við hina ómennsku hlið stórsjúkrahússins og skáldsaga hans er eflaust skrifuð til að vera víti til varnaðar, ýta við þeim sem ráða ferðinni. En eins og góðum skáldsagnahöfundum sáemir gerir hann persónur sínar ekki að tónum yfirborðsmanneskjum. Hann leitar inn fyrir skelina, og hikar ekki við að sýna lesandanum að læknar og hjúkrunarfólk eiga líka sitt einkalíf. Ástarævintýri læknisins Gustafs og læknanemans Martínu verður sannferðugt í lýsingu Jersilds og í miklum fjarska frá hinum kunna læknaróman sem nýtur víst vinsælda enn. Við kynnumst þessu fólki vel. Sama er að segja um hinn drykkfellda sölumann, Bernt, son Primusar Svensson. Ég býst aftur



P. C. Jersild
EÖF

á móti við því að lesendum þyki persónusafnið í fjölbreyttara lagi og ekki auðvelt að átta sig á því. Skáldsagan er stundum eins og að koma inn á spítala í fyrsta sinn og hafa farið inn um rangar dyr.

Eigi skáldsögur fyrst og fremst að vekja til umhugsunar um samfélagsvanda er Babelshús vel heppnuð skáldsaga. Hópsöguafurðin veldur því að persónurnar verða margar óskýrar, en þær sem alúð er lögð við minnisstæðar.

Þýðing Þórarins Guðnasonar er læsileg og vandað hefur verið til hennar. Sumt kann undirritaður lesandi ekki við, til dæmis orðið „brostfeldugir“ um æðaveggi þótt hér sé kannski læknamáli á ferð. Ekki kann ég því heldur vel að talad sé um að sjúkrahúsar „lendi“, það á betur við um sjúkrahúsgælar. Slíkum sparðatningi mætti halda áfram.

Neytendasamtökin

Framleiðslu stjórnun á eggjum mótmælt

„Neytendasamtökin skora á samtök eggjaframleiðenda að falla frá fyrirhuguðum hugmyndum um framleiðslustjórnun á eggjum með fódurbætisskömmun,“ segir meðal annars í fréttatilkynningu frá Neytendasamtökunum, sem Morgunblaðinu hefur borist.

Í tilkynningunni segir ennfremur: „Slík skömmunartjórnun er á kostnað íslenskra neytenda og Neytendasamtökin hafna með öllu tilraunum framleiðenda til þess að skipta framleiðslunni á milli sín, án þess að fyrir liggja upplýsingar um það hvernig nýir framleiðendur geti komist inn í greinina og hvernig tilflutningur á framleiðslurétti getur fæst á milli framleiðenda í því skyni að ná fram eðlilegri hagráðingu og verðlækkun af þeim ástæðum. Ljóst er að þá verður að verðleggja egg opinberlega ef slík framleiðslustjórnun verður tekin upp en því verður tæpast trúnað að allir framleiðendur telji það æskilegt.“

Sénið á gæruskinninu

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Þórbergur Þórðarson: MITT RÓMANTÍSKA ÆDL. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritmálum frá árunum 1918-1929. Helgi M. Sigurðsson bjó til prentunar. Mál og menning 1987.

Alltaf orkar tvímælis hvort allt æviverk rithöfunda eigi erindi á prent, ekki síst efni sem þeir hafa ekki lagt neina áherslu á sjálfir að gefa út í bókum. Mitt rómantíska æði eftir Þórberg Þórðarson er samtíningur úr dagbókum, bréfum og ýmsu öðrum sem höfundurinn lét eftir sig. Gallinn við bókina er fyrst og fremst sá að hér er á ferð efni sem lesendur Þórbergs þekkja að miklu leyti úr öðrum bókum og sumt er fjarska veigalítið. Kostur aftur á móti sá að víða er bókinn skemmtileg aflestrar og á stöku stað er Þórbergur í essinu sínu, ritleiknin í algleymingi.

Það er til dæmis gaman að fylgjast með Þórbergi á ferðalögum um landið, hvort sem hann er á slóðum sinnar heittelskuðu í Hrútafirði eða hjá Vilmundi á Ísafirði. Sama er að segja um utanlandsferðir sem hann lýsir með sínum hætti í bréfum. Bréf til Vilmundar (18. janúar

1925) er með því hressilegasta og forvitnilegasta í bókinni. Í þessu bréfi segir hann frá láti Jóns Skúla-sonar Thoroddsens, viðtökum Bréfs til Láru og Stefáni frá Hvítadal um það leyti sem hann snerist til kaþólskrar trúar. Sorglegir atburðir og kátlegir verða ljóslifandi í bréfi Þórbergs.

Í Formála Helga M. Sigurðssonar er vitnað í bréf frá Sigurjóni Jónssyni rithöfundum til Stefáns Einars-sonar, en í því er lýst kvöldstundum heima hjá Hallbirni Halldórssyni prentara og konu hans, Kristínu Guðmundsdóttur.

„Þar var gaman að koma. Þangað komum við kvöld eftir kvöld, ár eftir ár, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Kiljan Laxness, Stefán frá Hvítadal, Þórbergur Þórðarson. Og var þá setinn Svarfaðardalur. Allir sátu í eldhúsinu, Þórbergur lá alltaf á gæruskinni á gólfinu. Þarna var ræddur hinn nýrri skáldskapur og pólitík. Beinum fleygðum við til Þórbergs á gólfinu sem greip þau á lofti og braut þau til mergjar með „humorískum sans“. Allt var gagnrýnt og sundurtætt í brennandi háði. Ný sannindi fundust, ný spakmæli fæddust, ný dirfska, ný viðhorf. Kristín útdeildi kaffi og harðfiski, hélt glaðværdinni sívakandi.“

Af þessu fólki þótti mér Þórbergur bera af um allan frumleik. Margt

af því sem þarna bar á góma og Þórbergur sagði fyrst, fann ég litlu síðar í ritum Halldórs Laxness... Þórbergur var „sjenið“, og er ssnjallastur allra núlifandi rithöfundar.“

Það er athyglisvert sem Þórbergur skrifar Vilmundi um Bréf til Láru því að í ljós kemur að fleiri en samherjar tóku bókinni vel. Í brefinu stendur m. a. : „Pólitískir andstaðingar mínir eru mjög hrifnir af henni. Magnús Kjaran bætti t.d. við sig þrem eintökum eftir að hann hafði lesið eitt.“ Þetta ætti að styðja þá kenningu að borgarastéttin kann yfirleitt best að meta rithöfunda sem hvað mest er uppsið við hana, dái og elskar vandræðabörn sín. Enda vitnar Þórbergur til Bernhards Shaw sem sagði um sjálfan sig að hann væri hirðfífl ensku kapitalistanna. Þórbergur segir í framhaldi af því: „Fyndni hans og skemmtunin af að lesa rit hans yfirgnæfir svo allar hans bitru, pólitísku ádeilur. Líkt er um mig og Bréf til Láru.“

Ferðabók 1918 sem greinir frá orðasöfunarleiðangri Þórbergs er sérstaklega vandaður og skemmtilegur kafli í bókinni Mitt rómantíska æði. Í honum er vikið að stúlku „hér niður í firðinum, sem eg var skotinn í og kysti og fjallaði um frekar næsta vetur í Reykjavík“. Einnig segir frá séra Guðlaugi Guð-



Þórbergur Þórðarson

mundssyni á Stað og konu hans, foreldrum Jónasar skálds. Sú frásögn er litrík þótt ekki sé hún löng. Þórbergur gat snemma dregið upp eftirminnilegar myndir og skrifað mergjadar mann lýsingar.

Þórbergur Þórðarson kann vel þá list að leika einfalda sál, en var margbrotnari og vissi betur en hann lét í veðri vaka.



HÄGGLUNDS DENISON

VÖKVADÆLUR



- ☆ Ollumagn frá 19-318 l/mín.
- ☆ Þrýstingur allt að 240 bar.
- ☆ Öxul-flans staðall sá sami og á öðrum skófludælum.
- ☆ Hljóðlátar, endingargóðar.
- ☆ Einnig fjölbreytt úrval af stimpildælum, mótorum og ventlum.
- ☆ Hagstætt verð.
- ☆ Ýmsar gerðir á lager.
- ☆ Varahlutabjónusta.
- ☆ Hönnun og byggjum upp vökvakerfi.

SIG. SVEINBJÖRNSSON HF.
Skeiðarásí, Garðabæ
símar 52850 - 52661

ÞYNGDARLÖGGMÁLID ER EKKERT LÖGGMÁL!

Létt & laggott